

Miðvikudaginn 23. marz 1960.

Nr. 165/1959. **Ármann Sigurbjörnsson**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

gegn

Sementsverksmiðju ríkisins

(Guttormur Erlendsson hrl.)

og gagnsök.

Dómendur:

hæstaréttardómarmennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Línal prófessor.

Vinnulaun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. september 1959. Krefst hann þess, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 2199.02 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 30. desember 1959, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Í 4. gr. laga nr. 16/1958 segir, að starfsmenn, sem rétt hafa öðlzt samkvæmt ákvæðum hennar, sbr. 1. gr. laganna, skuli „eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms eða slysa“.

Aðiljar máls þessa eru ásáttir um það, að aðaláfrýjandi, sem hóf starf hjá gagnáfrýjanda í maímánuði 1956, hafi áunnið sér rétt til launa í veikindaförföllum samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 16/1958. Hins vegar greinir þá á um, hvernig þeim rétti sé háttað. Telur aðaláfrýjandi, að lagaákvæðið veiti starfsmanni rétt til launa allt að 14 daga í hvert sinn, sem hann er frá verki vegna sjúkdóms eða slysa, en gagnáfrýjandi heldur fram þeirri skoðun, að at-

vinnurekanda sé ekki skylt að greiða laun í slíkum tilfellum fyrir lengri tíma en 14 daga samtals á ári.

Rétt þykir að skýra fyrirmæli nefndrar 4. gr. þannig, að þegar um er að ræða endurteknar fjarvistir frá verki vegna sama sjúkdóms eða sömu slysfara, þá eigi starfsmaður aðeins rétt til launa fyrstu 14 forfalladagana, enda er þá um að tefla framhald forfalla af sama tilefni. Væri mjög óeðlilegt, að endurtekin eða jafnvel margitrekuð fjarvist starfsmanns frá starfi vegna sama sjúkleika eða slyss veitti honum rétt til launagreiðslu í hvert skipti, þó að hann hefði tekið upp vinnu fleiri eða færri daga, milli þess sem hann var fjarverandi. Mundi og slík túlkun á greininni venjulegast aðeins leiða til uppsagnar viðkomandi starfsmanns úr starfi. Hins vegar ber að skýra ákvæði nefndrar 4. gr. þannig, að þegar um mismunandi sjúkdóma eða slys er að ræða, beri starfsmanni réttur til launa fyrstu 14 dagana í hvert sinn, sem slík forföll ber að höndum. Orðalag greinarinnar leyfir ekki þá skýringu, sem gagnáfrýjandi heldur fram, enda væri það aðeins á færi löggjafans, en ekki dómstóla, að einskorða greindan rétt starfsmanns við nokkurt tiltekið tímabil, hvort heldur almanaksárið, 12 mánaða tíma með tilfærslu milli almanaksára eða annað tímabil. Ekki gefur undirbúningur laganna tilefni til að leggja annan skilning í lagaákvæðið en hér var greindur. Þvert á móti hefur það komið fram í málinu, að meðan frumvarp að lögum nr. 16/1958 var til meðferðar á Alþingi, fór Vinnuveitendasamband Íslands þess á leit við þingnefnd þá í efri deild Alþingis, sem um frumvarpið fjallaði, að ákveðið yrði ótvírætt í 4. gr. þess, „að átt sé við 14 daga samtals á ári“. Sams konar tilmæli komu einnig fram í bréfi Vinnumálasambands samvinnufélaganna til sömu þingnefndar. Ekki sinni Alþingi þessum málaleitunum.

Á árinu 1958 var aðaláfrýjandi tvisvar frá störfum vegna mismunandi sjúkleika, hið fyrra skipti frá 29. ágúst til 6. september, að báðum dögum meðtöldum, samtals 9 daga, og hið síðara skipti frá 27. september til 11. október, að báðum dögum meðtöldum, samtals 15 daga. Samkvæmt

4. gr. laga nr. 16/1958 átti hann þá rétt til fullra launa fyrir allt fyrra veikindatímabilið og 14 daga af hinu síðara. Aðiljar eru sammála um, að aðaláfrýjandi hafi samkvæmt samningi unnið hjá gagnáfrýjanda 2 klukkustundir í eftirvinnu alla virka daga vikunnar nema laugardaga, og ber við það að miða, þegar honum eru ákveðin full laun fyrir veikindadaga.

Samkvæmt útreikningi gagnáfrýjanda, sem ekki hefur verið hnekkt, mundu full laun aðaláfrýjanda (dagkaup og eftirvinnukaup) fyrir fyrra veikindatímabilið og 14 fyrstu dagana af hinu síðara, hafa numið kr. 4370.50. Aðaláfrýjandi hefur þegar fengið greiddar kr. 2498.72, og standa þá eftir kr. 1871.78. Ber gagnáfrýjanda að greiða þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags. Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði aðaláfrýjanda, Ármanni Sigurbjörnssyni, kr. 1871.78 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 4000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.

Í 4. gr. laga nr. 16/1958 segir, að fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laganna, skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóms eða slysa. Athugaefni er, hvernig með skuli fara, ef maður verður af nýju frá vinnu vegna slysa eða sjúkdóms, eftir

að hann hefur notið fullra launa í fjórtán daga úr hendi vinnuveitanda. Úrlausn þessa atriðis verður eigi leidd af orðalagi laganna. Ef lögin eru skýrð þannig, að nýr fjórtán daga fjarverutími með launum hefjist hverju sinni, er maður tekur nýjan sjúkdóm að dómi læknis, gæti kvillasamur maður fengið hvert veikindaorlofið með launum á fætur öðru, en maður, sem slasast alvarlega og verður frá vinnu mánuðum saman, fær þá einungis laun úr hendi vinnuveitanda fyrstu fjórtán dagana. Þessi skýring er eigi samrýmanleg eðli máls og fær eigi staðizt. Lögin verður að skýra þannig, að sköpuð sé eðlileg regla, svo sem kostur er, og mönnum gert sem jafnast undir höfði. Eins og lögin eru úr garði gerð, er það bezt í samræmi við lagarök að telja, að starfsmenn þeir, sem 4. gr. laganna tekur til, eigi rétt til fullra launa úr hendi vinnuveitanda í veikindaforföllum allt að fjórtán daga á tólf mánuðum hverjum. Hefur slík regla eigi verið felld af löggjafarvaldinu. Aðaláfrýjandi á rétt til kaups í fjórtán daga úr hendi gagnáfrýjanda vegna veikinda þeirra, sem í málinu greinir. Gagnáfrýjandi hefur greitt honum af þessum sökum kr. 2498.72, og eftir gögnum málsins á hann eigi rétt til frekari greiðslu. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfum hans í málinu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sementsverksmiðja ríkisins, á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Ármanns Sigurbjörnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1959.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. þ. m., hefur Ármann Sigurbjörnsson verkamaður, Akurgerði 6 á Akranesi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. febrúar 1959, á hendur Sementsverksmiðju ríkisins, Akranesi, til greiðslu á kr. 2273.38 auk 6% ársvaxta frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnaði að mati dómarans.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómarans.

Tildrög máls þessa eru þau, að með lögum nr. 16 frá 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, var verkamönnum, sem fá laun sín greidd í tíma- eða vikukaupi, veitt réttindi til launa í veikindaforföllum. Í 4. gr. laga þessara segir: „fastir starfsmenn og tíma- og vikukaupsmenn, sem rétt eiga á uppsagnarfresti samkvæmt 1. gr. laga þessara, skulu eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallast frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa“. Stefndi máls þessa hafði uppfyllt skilyrði 1. gr. laganna í starfi hjá stefnda. Á tímabilinu ágúst til október 1958 var stefndi í tvö skipti frá vinnu sökum veikinda, 8 daga í hið fyrra skipti og 13 daga í hið síðara, eða samtals 21 dag. Stefndi greiddi stefnanda kaup í þessum veikindaforföllum hans, sem svaraði til 14 daga samtals, og eingöngu fyrir dagvinnustundafjölda. Stefndi hafði þó jafnan unnið 2 stundir í eftirvinnu á degi hverjum, og voru þær stundir einnig unnar í verksmiðju stefnda þá daga, sem stefndi var frá vinnunni vegna veikinda sinna.

Stefndi telur, að samkvæmt 4. gr. laganna nr. 16/1958 eigi hann rétt á kaupi fyrir alla veikindadagana, samtals 21, bæði fyrir dagvinnu og eftirvinnu. Ákvæðið verði ekki skilið á annan veg en þann, að ætlast sé til, að kaupgreiðsla komi fyrir veikindaforföll fyrstu 14 dagana hverju sinni, sem verkamaður er frá vinnu af þeim sökum, og jafnframt að hann missi þá einskis í af launum. Byggir hann kröfu sína í málinu á því, að hann eigi ógreidd laun fyrir 7 daga, kr. 1249.36, og fyrir eftirvinnu allt veikinda-tímabilið, kr. 1024.02.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að margnefnt ákvæði beri að skilja þannig, að þar greindir verkamenn eigi rétt til kaups í 14 virka daga á ári. Sú regla, er gilt hafi yfirleitt í lögum, samningum og venjum, hafi tiltekið kaup til starfsmanna í veikindaforföllum ákveðinn tíma á ári. Annar skilningur á ákvæðinu mundi leiða til óeðlilegrar niðurstöðu. Jafnframt telur stefndi, að atvinnuveitanda beri eigi að greiða meira kaup en sem nemur fjölda dagvinnustunda.

Í greinargerð með frumvarpinu að framangreindum lögum er ekki önnur skýring um 4. greinina en sú, að með ákvæðinu sé tíma- og vikukaupsmönnum veittur sami réttur til kaups í veikindafor-

föllum og föstum starfsmönnum í lögum um almannatryggingar. Ákvæði um fasta starfsmenn í hinum síðast nefndu lögum að þessu leyti er samhljóða 4. gr. laganna nr. 16/1958, og þannig hefur samsvarandi ákvæði verið í lögum um almannatryggingar, síðan lög um það efni voru sett árið 1936, án þess að nánari skýrgreining hafi verið fyrir ákvæðinu að því leyti, hvort hinir tilteknu dagar skyldu miðast við ár eða hverju sinni, sem starfsmaður er frá starfi vegna veikinda, ótakmarkað.

Í kjarasamningum ýmissa stéttarfélaga hafa allt til þessa dags verið ákvæði um kaupgreiðslur í veikindaforföllum, þegar um fasta starfsmenn er að ræða. Hefur í þeim ákvæðum verið tiltekinn ákveðinn dagafjöldi miðað við ár. Sem dæmi má nefna kjarasamning Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, sem áskilur félögum sínum á fyrsta starfsári kaup í veikindaforföllum, sem nemur einum degi fyrir hvern unninn mánuð, en eftir það sex vikur og eftir tíu ár þriggja mánaða laun. Í nokkrum samningum verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík um fasta starfsmenn eru ákvæði um launagreiðslur í veikindaforföllum, sem nemur ýmist 14 eða 15 dögum á ári. Sama er í kjarasamningi Iðju, félags verksmiðjufólks, þar eru starfsmönnum áskildir 14 dagar á ári eftir 3ja mánaða starf.

Í 7. gr., 2. mgr., laganna nr. 16/1958 segir, að réttindi skulu haldast, sem veitt eru með sérstökum lögum, samningum eða leiðir af venju í sérstökum starfsgreinum, ef þau eru launþega hagstæðari en ákvæði laganna. Samsvarandi ákvæði hafa verið um fasta starfsmenn að þessu leyti í lögum um almannatryggingar. Af þessu er ljóst, að tilgangur laganna er sá að setja lágmarksreglur.

Þessi lagaákvæði um kaupgreiðslur í veikindaforföllum, bæði frá 1936 um fasta starfsmenn og nú með 4. gr. laganna nr. 16/1958, eru reglur um veikindaréttindi, sem eigi hafa verið áður í lögum. Ber því að skýra þær reglur þröngri lögskýringu. Með tilliti til þess svo og því öðru, sem að framan greinir, þykir bera að skýra margnefnda 4. gr. laga nr. 16/1958 á þann veg, að starfsmenn þeir, sem greinin tekur til, eigi rétt á kaupi í veikindaforföllum í allt að 14 daga á ári. Verður krafa stefnanda, að því leyti sem hún er byggð á því, að hann eigi rétt til launa fyrir fleiri daga, eigi til greina tekin.

Hins vegar, eins og áður er rakið, segir í hinni oftnefndu 4. gr. laga nr. 16/1958, að þar greindir starfsmenn skuli eigi missa neins í af launum sínum á þessu tímabili. Stefndi hefur viðurkennt, að

stefnandi hafi jafnan unnið 2 eftirvinnustundir á dag 5 daga vikunnar, og að hann hefði unnið þann tíma, ef hann hefði verið í starfi þá daga, sem hann var forfallaður. Verður því að telja, að stefnandi eigi kröfu til greiðslu launa fyrir þessar eftirvinnustundir í þá 14 daga, sem hann á rétt til launa í veikindaforföllum. Nemur fjárhæð þeirra launa samtals kr. 344.66 miðað við kaup-taxta þann, sem stefnanda voru greidd laun eftir á því tímabili, og verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt er í stefnu.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnda til greiðslu máls-kostnaðar, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 800.00.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sementsverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Ármanni Sigurbjörnssyni, kr. 344.66 með 6% ársvöxtum frá 25. febrúar 1959 til greiðsludags og kr. 800.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. marz 1960.

Nr. 31/1959. **Jóhann Árnason og
Sigurbjörg Helgadóttir**
(Gunnar Pálsson hrl.)
gegn
**Ástu Guðmundsdóttur og
Jafet Sigurðssyni.** (Gústaf Ólafsson hrl.).

Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Jón Ásbjörnsson og
Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og
Theodór B. Lindal.**

Ágreiningur sameigenda að fasteign.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. febrúar 1959. Gera þeir þessar dómkröfur: